



2015

Umhverfis – heilsu og öryggisstefna Fjarðabyggðarhafna

ÁBYRGÐ: HAFNARSTJÓRN FJARÐBYGGÐAR, FRAMKVÆMDASTJÓRI FJARÐABYGGÐARHAFNA
UNNIÐ AF: VERKFNASTJÓRA ATVINNU OG ÞRÓUNARMÁLA OG FRAMKVÆMDASTJÓRA Í
SAMVINNU VIÐ STARFSMENN FJARÐABYGGÐARHAFNA, HAFNARSTJÓRN OG VERKFNASTJÓRA
UMHVERFISMÁLA.

Efnisyfirlit

Stefna Fjarðabyggðarhafna í umhverfismálum:	2
1. Raforka	3
2. Heitt og kalt vatn	3
3. Notkun jarðefnaeldsneytis	3
4. Pappírnotkun	4
5. Úrgangur og spilliefni	4
6. Mengun sjávar og sets (hér er einnig átt við grút mengun)	4
7. Mengun jarðvegs	5
8. Dýpkun hafna	5
9. Landfyllingar	5
10. Opin svæði	6
11. Mengunaróhöpp	6
12. Varasöm efni	7
13. Frárennsli	7
14. Hávaði	7
15. Jarðvegsfok	8
16. Samgöngur	8
17. Skemmtiferðaskip	8
Stefna Fjarðabyggðarhafna í heilsumálum:	10
Stefna Fjarðabyggðarhafna í öryggismálum:	10
Öryggisbúnaður starfsmanna um borð í dráttarbát (til viðbótar almennum öryggisreglum)	10
Við móttöku skipa er starfsmönnum skylt að nota eftirfarandi persónuhlífar:	10
Umgengnisreglur á hafnarsvæðum Fjarðabyggðar (í samræmi við gildandi umhverfisstefnu) ...	11
Viðauki I	12
LÖG OG REGLUGERÐIR:	12

Umhverfi – Heilsa – Öryggi

Stefna Fjarðabyggðarhafna er að vinna á öruggan og ábyrgan hátt í samfélaginu með það að sjónarmiði að tryggja faglega stjórnun og auka gæða og umhverfisvitund bæði viðskiptavina og starfsmanna.

Stefna Fjarðabyggðarhafna í umhverfismálum:

Fjarðabyggðarhafnir leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum, m.a. með því að auka umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila við hafnir sveitarfélagsins.

Markmið umhverfisstefnunar eru fyrst og fremst að fylgja eftir með markvissum hætti lögum og reglugerðum um umhverfismál, að tryggja starfsmönnum örugg starfsskilyrði, miðla upplýsingum, mennta og fræða starfsmenn, íbúa, fyrirtæki og viðskiptavinum með það fyrir augum að draga úr mengun í starfsemi við og í höfnum Fjarðabyggðar.

Auk þeirra umhverfisþátta sem greint er frá í lögum um hafnarstarfsemi leggja Fjarðabyggðarhafnir áherslu á eftirfarandi:

- Við allar ákvarðanatökur, framkvæmdir, rekstur, innkaup og aðra starfsemi á vegum hafnanna skal leitast við að neikvæð áhrif á umhverfi, náttúru og íbúa séu í lágmarki.
- Leggja skal áherslu á vistvæn innkaup á vörum, þjónustu, framkvæmdum og ráðgjöf.
- Dregið verði úr hvers kyns sóun verðmæta, myndun úrgangs og stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu.
- Umhverfisstefnan og framkvæmd hennar skal vera liður í daglegu starfi Fjarðabyggðarhafna.
- Umhverfisstefnu Fjarðabyggðarhafna skal endurskoða á tveggja ára fresti og er það á ábyrgð framkvæmdarstjóra og hafnarstjórnar. Einstakar aðgerðir innan stefnunar skal endurskoða árlega í tengslum við fjárhags og starfsáætlun.

Eftirfarandi umhverfisþættir eru að hluta til teknir beint úr lögum um hafnarstarfsemi en við það bætist sértæk stefna Fjarðabyggðarhafna um framkvæmd, ábyrgð og aðgerðir.

1. Raforka

Raforka og raforkunotkun skiptist í tvo hluta. Annarsvegar er um að ræða eigin raforkunotkun fyrirtækisins og hinsvegar sölu á rafmagni úr landi til báta og skipa.

Stefna FBH: Markmiðið er að minnka eigin notkun og auka hlutfall þeirra skipa sem geta nýtt sér rafmagn úr landi. Leitast skal við að sem flest skip nýti sér rafmagn úr landi.

Ábyrgð: Yfirhafnarvörður, starfsmenn, framkvæmdastjóri

Aðgerð: Aukin fræðsla, verkefna- og aðgerðaráætlun varðandi aukna notkun á rafmagni úr landi. Starfsmenn og viðskiptavinir skulu eftir fremsta megni stilla allri óþarfa rafmagnsnotkun í hóf. Passa skal að taka tæki úr sambandi sem ekki eru í notkun, slökkva ljós og annað sem við á.

2. Heitt og kalt vatn

Umhverfisþátturinn skiptist í tvo hluta, eigin notkun á heitu og köldu vatni og sölu á neysluvatni til báta og skipa.

Stefna FBH: Gæði neysluvatns sem selt er til skipa og báta skal ávalt vera heilnæmt og hreint, og skal meta gæði vatns a.m.k. tvisvar á ári. Athuga þarf að samræma afgreiðslu á vatni milli hafna sbr. að setja vatnsmæla og tengipunkt á bryggjur. Passa að slöngur séu hreinar og umgengni sé til fyrirmyndar.

Ábyrgð: Yfirhafnarvörður, starfsmenn

Aðgerð: Fundur með Heilbrigðiseftirliti Austurlands í byrjun hvers árs og aftur um mitt ár. Gátlisti um gæði vatns og úttektir. Fræðsla til starfsmanna og viðskiptavina um umgengni og notkun á heitu og köldu vatni. Umgangast skal auðlindina með virðingu, hagkvæmni og nægjustemi í huga.

3. Notkun jarðefnaeldsneytis

Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og veldur losun mengandi efna í andrúmsloftið.

Stefna FBH: Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar jarðefnaeldsneytis með skilvirkum hætti. Lausaganga bíla innan hafnarsvæða er óheimil nema um nauðsyn vegna öryggismála sé að ræða. Einnig skal setja til skoðunar að fjárfesta í rafmagnsbílum á hafnirnar auk hleðslustöðvar, hafa skal að markmiði að fjárfesta í sparneytnum bifreiðum við endurnýjun. Með markvissum hætti er stefnt að því að minnka akstur bifreiða um skilgreind vinnusvæði hafnanna.

Ábyrgð: Hafnarstjórn, Framkvæmdastjóri, Hafnarstarfsmenn

Aðgerð: Starfsmenn fá fræðslu og aðhald í vistvænum akstri og lausagangi bifreiða. Horft verði til rafmagnsbílaausna þegar kemur til nýfjárfestinga bifreiða.

4. Pappírnotkun

Á við notkun á skrifstofupappír.

Stefna FBH: Markmiðið er að draga úr notkun pappírs. Ganga fram með góðu fordæmi með útprentun vinnu og fundargagna og annars efnis sem hægt er að afhenda með rafrænum hætti. Prentarar skulu almennt stilltir þannig að þeir prenti beggja vegna blaðs.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna – starfsmenn Fjarðabyggðarhafna

Aðgerð: Fræðsla til starfsmanna.

5. Úrgangur og spilliefni

Hér er átt við þann úrgang sem verður til í eigin starfsemi. Úrgangur er flokkaður í nokkra flokka, þ.e pappír, dagblöð og tímarit, pappa, plast, gler, málma, spilliefni, rafhlöður og almennan úrgang. Aðilar sem tilheyra ekki Fjarðabyggðarhöfnum en vinna á svæðinu sjá sjálfir um sína úrgangspjónustu sbr. 4.gr. rg. 792/2004 um móttöku á úrgangi frá skipum. Boðið er uppá gáma fyrir úrgang og tanka fyrir úrgangsolíu og notaðar olíusúr. Sjá nánar í áætlun um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Stefna FBH: Almenn skal flokka úrgang frá vigtaskúrum í pappa, pappír, plast, rafhlöður og annan úrgang. Hvetja skal alla aðila sem vinna við og hjá hafnarsvæðum að gæta fyllsta öryggis og umhverfissjónarmiða við flokkun og hlíta sömu flokkunum. Tryggja skal að öllum spilliefnum sé komið í spilliefnamóttöku. Hvað varðar móttöku úrgangsolíu og olímenguðum úrgangi þá sér einkafyrirtæki um alla slíka þjónustu við skip og óska þau sérstaklega eftir því. Úrgangsmál skemmtiferðaskipa eru á höndum umboðsmanna skipanna og sjá þeir um að panta úrgangspjónustu hjá þjónustuaðilum.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri, Hafnarstarfsmenn (dagleg umhirða)

Aðgerð: Dagleg umsjón með vinnusvæðum og fræðsla til starfsmanna og viðskiptavina. Bréf sent til viðskiptavina hafnanna með hvatningu um góða umgengni og flokkun úrgangs og samvinnu við góða umhirðu í umhverfinu.

6. Mengun sjávar og sets (hér er einnig átt við grút mengun)

Umhverfisþátturinn nær yfir vatnsgæði í sjó og styrkleika mengunarefna í seti í höfninni. Umhverfisþátturinn er mikilvægur þar sem hár styrkur mengunarefna er ógn við lífríki sjávar auk þess sem mengunarefnin geta borist í fæðukeðjuna.

a) Mengun vatns

Mengunarefni geta borist í höfnina t.d. með ofanvatni sem berst af hafnarsvæðinu í höfnina, úr skólplögnum sem eru ranglega tengdar inn á regnvatnsleiðslur og frá viðhaldi og rekstri skipa.

b) Mengun í seti

Mengun úr seti geta borist í sjó t.d við dýpkunarframkvæmdir þegar grugg myndast við uppdælingu og á sama hátt ef efnið er losað aftur úr dælupramma

c) Bráðamengun

Bráðamengun er þegar mengun verður skyndilega og krafst er tafarlausra aðgerða. Slík atvik geta t.d. komið upp við eldsneytisáfyllingar.

Stefna FBH: *Gætt skal fyllsta öryggis þegar mengandi efni eru losuð og áhrif frá þeim takmörkuð að eins miklu leyti og mögulegt er. Fylgst er sérstaklega vel með öllum framkvæmdum sem eiga sér stað í og við hafnarsvæði og strandlengju. Verði mengun í sjó vegna grúts þarf að bregðast við því sérstaklega með viðeigandi hætti. Fyrirbyggja skal mengunaróhöpp en eigi þau sér stað skal bregðast skjótt við og komið í veg fyrir útbreiðslu mengunar.*

Ábyrgð: *Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna, hafnarstarfsmenn.*

Aðgerð: *Regluleg yfirferð framkvæmda og eftirlit, viðbragðsáætlun vegna mengunar af grút og vegna bráðamengunar*

7. Mengun jarðvegs

Um er að ræða jarðveg sem getur hafa mengast vegna starfsemi á hafnarsvæðinu eða borist þangað með öðrum leiðum. Mengunarefni í jarðvegi eru aðallega þungamálmar, þrávirk lífræn efni, olíuefni, næringarefni auk gerla og baktería sem geta borist með skólpi.

Stefna FBH: *Markmiðið er að takmarka alla mengun með því að einangra mengaðan jarðveg og farga honum á viðeigandi hátt. Ef mengun mælist þarf að meta umfang hennar og áhættu fyrir lífríkið og almenning. Í framhaldinu meta þörf á aðgerðum.*

Ábyrgð: *Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna*

Aðgerð: *Reglulegt eftirlit.*

8. Dýpkun hafna

Mögulega þarf að fjarlægja mengað set og koma fyrir landfyllingu án þess að losa í sjó. Mengunin er aðallega bundin við efstu setlögin og mengunarefnin sem um ræðir eru aðallega olíuefni, þungamálmar og þrávirk efni.

Stefna FBH: *Dýpkun hafna er nauðsynleg til viðhalds hafnanna og mögulegrar þróunar þeirra. Leitast skal við að vinna skipulag og hönnun í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun en oft er stækkun, dýpkun og breytingar háð mati á umhverfisáhrifum.*

Ábyrgð: *Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna eða aðrir starfsmenn sem hann útdeildir verkefnum til.*

Aðgerð: *Eftirlit unnið skv. verkplani dýpkunaraðgerða.*

9. Landfyllingar

Hér er átt við landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarinnar og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar breyta náttúrulegri lögun og ásýnd hafnarinnar og breyta samsetningu þess jarðefnis sem er til staðar innan hafnarsvæðisins. Tryggja þarf að efni í landfyllingum innihaldi ekki mengandi efni sem geti valdið óþægindum eða hættu á yfirborðinu eða ef það berst í sjó með

tilheyrandi mælingum sé um endurrunnið efni úr sjó eða landi að ræða. Sé efni í landfyllingu dýpkunarefni er athugað hvort efnið innihaldi mengandi efni.

Stefna FBH: *Gæta þarf að öllum frágangi við landfyllingar og að fólki stafi ekki hætta eða óþægindi af efni sem losað er á tilgreind svæði. Takmarka þarf allt fok, steypujárn og annað sem getur verið í landfyllingarefni ásamt því að óheimilt er að nota stóra steypuklumpa í landfyllingar. Með því getur myndast holrúm og með tímanum sígur jarðvegur og efni að þeim sökum.*

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna

Aðgerð: *Fylgjast þarf með framkvæmdum við landfyllingar og merkja vel þau svæði sem tippa má út í.*

10. Opin svæði

Um er að ræða grassvæði og gróðurbeð með trjá- og runnagróðri innan hafnarsvæðanna.

Stefna FBH: *Markmið Fjarðabyggðar*

hafna er að ganga frá öllum hafnarsvæðum í sveitarfélaginu svo prýði sé af. Á undanförunum árum hefur verið farið í stórtæk umhverfisátök á höfnunum samhliða stækkun, dýpkun og breytingu á hafnarsvæðum. Markmið umhverfisátaksins hefur verið að fegra bæjarímyndina, draga athygli að höfnunum og gera þær aðgengilegri fyrir almenning m.a. með göngustígum, útsýnispöllum, bekkjum og fallegum opnum grænum svæðum.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna, hafnarstjórn

Aðgerð: *Þar sem fullnaðarfrágangi hefur ekki verið lokið er hætta á að rusl, gámar og annað efni safnist upp. Lögð er áhersla á að klára allan frágang opinna svæða og skipuleggja opin gámasvæði betur með hliðsjón af hugsanlegri sjónmengun sem af henni stafar. Þá eru fyrirtæki í grennd við hafnir Fjarðabyggðar hvött til að girða betur af sín opnu geymslusvæði ýmist með portum eða gróðri.*

11. Mengunaróhöpp

Á við um mengunaróhöpp innan hafnarsvæðisins þegar olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn. Þetta er einn af mikilvægum umhverfisþáttum í rekstri og ber að vakta vel. Um þáttinn gilda lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012. Tilkynna skal um óhöpp á skipum og bátum þegar efni leka úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Tilkynningarskyldan nær yfir óhöpp sem verða við starfsemi hafnarinnar og þeirra aðila sem leigja svæðið af höfninni. Tilkynnt óhöpp eru skráð.

Stefna FBH: *Að koma í veg fyrir mengunaróhöpp en eigi þau sér stað skal bregðast strax við og koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar. Hafnirnar eru með boðunar- og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa sem er í samræmi við lög og reglur og er unnið samkvæmt henni. Mengunarvarnarbúnaður er fyrir hendi fyrir mengun á sjó. Þjálfun í viðbrögðum og notkun mengunarvarnarbúnaðar er samkvæmt reglugerð. Mengunarvarnarbúnaður fyrir hafnir Fjarðabyggðar er geymdur hjá Slökkviliðinu og starfsmenn þess sérþjálfaðir í notkun þess. Við*

minniháttar bráðamengunarslyslum er tiltækur búnaður á höfnum Fjarðabyggðar sem hægt er að nota strax.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna og Slökkviliðsstjóri

Aðgerð: Fræðsla og þjálfun starfsmanna, virkjun viðbragðs- og aðgerðaáætlunar ef um mengunaróhapp er að ræða.

12. Varasöm efni

Umhverfisþátturinn nær yfir notkun eiturefna og hættulegra efna í starfsemi hafnarinnar. Efnin geta verið hættuleg fyrir menn og umhverfi þeirra sé meðhöndlun ekki rétt. Vinnueftirlitið hefur tekið saman tékklista fyrir vafasöm efni, efnanotkun og meðferð efna.

Stefna FBH: Tryggja skal að öryggisblöð séu geymd þar sem efnin eru ásamt lista yfir öll efni. Geyma skal efnin í þartilgerðum umbúðum og í rýmum þar sem niðurfall er. Markvisst skal forðast kaup á varúðarmerktum efnum og kaup á staðinn umhverfisvæn efni sé þess kostur.

Ábyrgð: Hafnarstarfsmenn

Aðgerð: Fræðsla og endurtekning

13. Frárennsli

Með frárennsli er bæði átt við skólp og ofanvatn. Allt skólpkerfi á hafnarsvæðum er í eigu sveitarfélagsins, en regnvatnskerfi á hafnarbökkum er í eigu hafnarinnar. Ofanvatn af bryggjum er ekki hreinsað sérstaklega.

Stefna FBH: Stefna Fjarðabyggðarhafna er að vanda til mála þegar kemur að frárennsli og fræða bæði viðskipavini og starfsmenn um hættu sem skapast getur af menguðu ofanvatni á geymslsvæðum.

Ábyrgð: Hafnarstarfsmenn

Aðgerð: Aukin fræðsla.

14. Hávaði

Umhverfisþátturinn lýsir þeim hávaða sem myndast frá starfsemi á hafnarsvæðinu og getur haft truflandi áhrif í nágrenninu og íbúa sem búa nálægt hafnarsvæðum. Hávaði frá hafnarsvæðum getur verið af völdum ljósavéla skipa sem liggja við bryggju og taka ekki rafmagn úr landi, frá löndun og lestunn skipa, vinnu við ýmisskonar viðhald og frá annarri umferð um hafnarsvæði og bryggjur. Eftir því sem byggð þéttist verður mikilvægi þessa umhverfisþáttar mun meira.

Stefna FBH: Mikilvægt er að draga úr allri hávaðamengun eins mikið og nokkur kostur er, sér í lagi að takmarka hávaða sem hlýst af störfum á hafnarsvæðum seint um kvöld. Leitast skal við að tengja skip og báta við landrafmagn þegar legið er yfir nótt og takmarka skal allan óþarfa akstur um hafnarsvæði.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna

Aðgerð: Markviss aðgerðaráætlun og öguð vinnubrögð.

15. Jarðvegskok

Uppspretta rykmengunarinnar getur verið annarsvegar þar sem landrof er eða hinsvegar þar sem efni getur fokið úr gryfjum, haugum eða öðrum ófrágengnum svæðum. Hugsanleg mengun getur líka orðið af völdum ryks frá jarðefnum sem safnast fyrir í dekkjum flutningabíla. Í reglugerðum er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru vegna mengunar í andrúmsloftinu og upplýsingum til almennings.

Stefna FBH: Stefnt skal að því að ganga ávalt frá opnum svæðum með þeim hætti að sem minnst hættu sé á að svifryk og önnur mengun eigi sér stað. Séu haugar einhversstaðar á hafnarsvæðum skal hafa þá minni og fleiri. Komi til þess að fok eigi sér stað er brugðist við slíku með markvissri vöktun. Gangu skal frá óbyggðum svæðum með uppgræðslu þannig að ekki fjúki af þeim. Bannað er að keyra bifreiðar inn á moldug svæði þar sem ryk safnast saman í dekkjum bíla sem keyra síðan um göturnar og skilja eftir jarðveg, mengun og ryk.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna, hafnarstarfsmenn

Aðgerð: Markviss frágangur og vöktun komi til foks.

16. Samgöngur

Umhverfisþátturinn samgöngur nær yfir allar samgöngur vegna þeirrar starfsemi sem fram fer á höfnunum, innan hafnasvæða og milli þeirra. Einnig nær þátturinn yfir aðrar samgöngur sem verða vegna þeirrar starfsemi sem er innan hafnarsvæðanna.

Stefna FBH: Stefna Fjarðabyggðarhafna er að draga eins mikið úr akstri eigin bíla og möguleiki er. Samnýta má bíla betur og skipuleggja fundi og ferðalög með það í huga. Hvetja skal starfsmenn til að nýta almenningsamgöngur sem eru þeim að kostnaðarlausu. Fjarðabyggðarhafnir hafa á undanförunum árum skipulagt göngu- og hjólréiðastíga í þeim framkvæmdum sem hafa verið í gangi. Hvatt er til þess að íbúar, starfsmenn og ferðamenn nýti sér þessi mannvirki og njóti um leið þeirrar uppbyggingar sem átt hefur sér stað.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna og hafnarstjórn

Aðgerð: Taka saman fjölda bifreiða sem eru í eigu Fjarðabyggðarhafna, hversu mikill akstur er í dag og gera áætlanir um skilvirkari og betri nýtingu með umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

17. Skemmtiferðaskip

Komur skemmtiferðaskipa eru nýjung í atvinnulífi hafnanna og hafa aukist þétt frá árinu 2012. Bein umhverfisáhrif frá skemmtiferðaskipum eru aðallega aukin loftmengun og hávaði auk þess sem sum skip losa úrgang hér á landi. Auk beinna áhrifa frá skipunum sjálfum eru einnig umhverfisáhrif af komu skipafarþega í landi.

Stefna FBH: Stefna Fjarðabyggðarhafna er að takmarka neikvæð umhverfisáhrif af komum skemmtiferðaskipa eins og nokkur kostur er. Mikilvægt er að vinna að nauðsynlegri innviða

uppbyggingu s.s. uppbyggingu vinsælla ferðamannastaða, huga að salernismálum og samgöngumálum í landi.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri Fjarðabyggðarhafna, hafnarstjórn, stjórnslu og þjónustusvið Fjarðabyggðar.

Aðgerð: Meta umhverfisleg áhrif farþega og skipa sem koma að landi í Fjarðabyggð, gera þarfagreiningu á nauðsynlegum úrbótum og forgangsraða verkefnum til framkvæmda 2016/2017.

Stefna Fjarðabyggðarhafna í heilsumálum:

- Viðhalda öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi fyrir starfsmenn.
- Hvetja til heilsueflandi aðgerða.
- Taka út vinnuumhverfi starfsmanna með tilliti til líkamsbeitingar og líkamsstöðu.
- Koma í veg fyrir slys og vinnutengd heilsufarsvandamál.
- Bjóða uppá fræðslu í helstu heilsuverndarmálum sem tengjast vinnuumhverfi viðkomandi starfsmanns.
- Öllu starfsfólki skal kynnt hættueiginleikar þeirra efna sem það er að vinna með. Að auki skulu starfsmenn þekkja förgunarleiðir.

Stefna Fjarðabyggðarhafna í öryggismálum:

- Markmið Fjarðabyggðarhafna er að vera slysalaus vinnustaður og að engin starfsmaður hljóti heilsutjón af vinnu sinni.
- Fjarðabyggðarhafnir geri greiningu á starfsumhverfi og áhættumeti störf sem unnin eru.
- Starfsmenn fá viðeigandi þjálfun og leiðsögn í starfi til að takmarka slyshættu og auka öryggi.
- Öryggisnefnd/ráð sé starfandi sem kemur með tillögur að úrbótum og fylgi eftir umbótum á vinnuöryggi starfsmanna.
- Fjarðabyggðarhafnir skilgreina öryggisreglur og persónuhlífar sem eru viðeigandi fyrir þau verkefni sem starfsmenn vinna hverju sinni.
- Útbúa skal áhættugreiningar um öll stærri verkefni sem unnin eru af Fjarðabyggðarhöfnum og skal greiningin skráð á þar til gerð eyðublöð.
- Starfsmenn skulu kynna sér staðsetningu og notkun öryggisbúnaðar sem og gildandi öryggisreglur.

Öryggisbúnaður starfsmanna um borð í dráttarbát (til viðbótar almennum öryggisreglum)

- Þeir sem vinna á dekki er skylt að vera í björgunarvesti og með öryggishjálmi.
- Við ákveðnar aðstæður skulu allir skipverjar nota viðeigandi öryggisbúnað.
- Hafnsögumenn séu í vestri með neyðarsendi.
- Samskiptabúnaður skal vera til staðar.
- Starfsmenn skulu vera í sýnileikafatnaði.

Við móttöku skipa er starfsmönnum skylt að nota eftirfarandi persónuhlífar:

- Öryggishjálmi
 - Öryggisskór /öryggisstígvél
 - Sýnileikafatnað
 - Björgunarvesti
-

Um gengnisreglur á hafnarsvæðum Fjarðabyggðar (í samræmi við gildandi umhverfisstefnu)

1. Nota skal úrgangsgáma og flokka endurvinnanlegan úrgang í þar til gerða gáma.
 2. Skila skal spilliefnum og olíuúrgangi í þar til gerð ílát, óska þarf sérstaklega eftir móttöku á olíumenguðum úrgangi.
 3. Tilkynna skal öll mengunaróhöpp án tafar til hafnarstarfsmanna, á það við um mengun vegna spilliefna sem og mengunar af grút.
 4. Lausaganga bifreiða inn á hafnarsvæði er óheimil nema vegna sérstakra öryggissjónarmiða.
 5. Draga skal úr allri hávaðamengun eins og kostur er.
 6. Tengja skal skip og báta við rafmagn í landi í þeim tilfellum sem það er nokkur kostur.
 7. Ganga skal um opin svæði hafnanna af virðingu og taka vel til eftir sig.
 8. Óheimilt er að losa úrgang og safntanka fyrir skólp í höfnina.
 9. Forðast skal umferð um friðlýst svæði á sjó.
 10. Ávallt skal nota viðeigandi öryggisklæðnað þegar farið er á sjó, leggja staðsetningu öryggisbúnaðar á höfninni á minnið og koma heil heim.
-

Viðauki I

LÖG OG REGLUGERÐIR:

Grunnkrafan sem gerð er til fyrirtækja sem hafa innleitt umhverfisstjórnun í rekstur sinn er að þau þekki og uppfylli þær lagalegu kröfur sem eiga við umhverfisþætti þeirra.

Um er að ræða lög og reglugerðir varðandi umhverfismál sem geta verið settar fram í starfsleyfum fyrirtækja. Það er hluti reksturs og viðhalds umhverfisstjórnunarkerfis að uppfæra lagalistann þannig að fyrirtækið þekki þær breytingar á kröfum sem gerðar eru til þess á hverjum tíma. Megin lög og reglugerðir sem eiga við í rekstri hafna eru talin upp hér að neðan.

Hafnarreglugerð viðkomandi hafnar.

Hafnalög, 61/2003, sbr. 88/2010

Reglugerð um hafnamál, 326/2004

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2014.

Reglugerð nr. 326/2004 um hafnamál

Lög um mat á umhverfisáhrifum, 106/2000 (hafnagerð, 11. tl. 1. viðauki og 12. tl. b. 2. viðauki).

Reglugerð um mat á umhverfisáhrifum, 1123/2005.

Lög um umhverfismat áætlana, 105/2006.

Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, 9/2009

Skipulagslög, 123/2010

Lög um mannvirki 160/2008

Lög 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

Reglugerð nr. 515/2010 um kjölfestuvatn

Reglugerð nr. 824/2005 um takmörkun á notkun skaðlegra gróðurhindrandi efna og/eða búnaðar á skip

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum

Reglugerð nr. 465/1998 um viðbrögð við bráðamengun sjávar (á sér stoð í lögum 32/1986 (felld úr gildi með lögum nr. 33/2004) og lögum 7/1998).

Marpol – alþjóðasamningur-

Reglugerð nr. 527/1999 um varnir gegn mengun sjávar vegna eittra efna í fljótandi formi sem flutt eru í geymum skipa

Reglugerð nr. 715/1995 um varnir gegn sjávar frá skipum.

Reglugerð nr. 801/2004 um varnir gegn sorpmengun frá skipum.

Lög 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir

Reglugerð nr. 817/2002 um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra

Reglugerð nr. 788/1999 um varnir gegn loftmengun af völdum hreyfanlegra uppspretna

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang (á líka við 52/1998 um eiturefni og hættuleg efni)

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang

Lög nr.50/1987 Umferðarlög

Reglugerð 822/2004 um gerð og búnað ökutækja

Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald

Reglugerð nr. 1124/2005 um úrvinnslugjald

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

Efni og efnavörur

Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“)

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni

Reglugerð 236/1990 um flokkun og merkingu eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni

Reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og

garðyrkju og til útrýmingar meindýra. (á frekar við vinnu verktaka á vegum Faxaflóahafna

Reglugerð nr. 137/1987 um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna

Annað

Reglugerð 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Reglur Vinnueftirlits ríkisins:

Reglur nr. 707/1994 um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum.

Reglur nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða.

Samkvæmt **lögum nr. 46/1980** um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Í þessu felst skipuleg greining á þeim störfum sem unnin eru á vinnustaðnum og mat á hugsanlegri áhættu í starfi með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna. Aðgerðin beinist að því að bæta ríkjandi aðstæður á vinnustað.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal fela í sér:

1. Sérstakt áhættumat
2. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem skal fela í sér að gerðar séu úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins
3. Eftirfylgni að úrbótum loknum

Ísland er aðili að eftirfarandi alþjóðasamningum sem tengjast mengun sjávar:

MARPOL 73/78 (um varnir gegn mengun frá skipum)

Lundúnasamningur um varnir gegn mengun hafsins (um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það)

OSPAR um verndun NA-Atlantshafsins (verndun Norð-Austur Atlantshafsins)

OPRC um viðbúnað og viðbrögð gegn olíumengun (að koma í veg fyrir mengunaróhöpp á sjó af völdum olíu og að skapa grundvöll fyrir alþjóðlega samvinnu og samhjálp um viðbrögð við mengunaróhöppum á sjó er stafa af olíu)

Alþjóðasjóður til að bæta tjón af völdum olíumengunar - IOPC Fund

